

Símenntun starfsmanna Vopnafjarðarskóla 2016-2017

Símenntunaráætlun er tvenns konar. Annars vegar símenntunaráætlun skólans og hins vegar símenntun einstakra starfsmanna. Í áætlunum starfsmanna er bæði miðað við þarfir skólans og einnig persónulegar þarfir og áhugamál. Í kjarasamningum kennara er ætlaður ákveðinn tími til starfsþróunar kennara.

Markmið símenntunaráætlunar

Símenntunaráætlun er liður í því að ná settum markmiðum Vopnafjarðarskóla. Áætlunin er gerð með hliðsjón af því þróunarstarfi sem unnið er að og veikleikum, styrkleikum og áherslum skólans.

Skólinn hvetur starfsfólk til þekkingarleitar og leitast við að bjóða upp á metnaðarfullt starfsumhverfi. Skólinn styður eftir bestu getu starfsþroska einstaklinga og leggur metnað í að skipuleggja og bjóða upp á tækifæri til símenntunar.

Símenntunarmöguleikar

Lögð er áhersla á að tengja saman fomlega og óformlega fræðslu með mismunandi hætti.

- Námskeiðum og þjálfun á vegum ytri aðila eins og Skólaskrifstofu Austurlands og Skólaþróunar Háskólans á Akureyri.
- Ráðstefnum, kynnisferðum og málþingum.
- Kennslu eða fyrirlesturum fyrir hluta starfsmanna eða alla.
- Kynningum og fræðslu fyrir nemendur jafnt sem starfsfólk.
- Lestri fræðilegs efnis.
- Formlegu viðbótarnámi/framhaldsnámi.

Framboð símenntunar

Skólaskrifstofa Austurlands sér að mestu leiti um framboð námskeiða og fræðslu, bæði fyrir upphaf skólahalds og á skólaárinu.

Skólar á Austurlandi hafa á undanförunum árum verið í samstarfi við innleiðingu Byrjendalæsis, unnið að átaki Bætts námsárangurs og hefjast handa við innleiðingu á verkefninu Orði af orði. Í sambandi við þetta starf hefur verið boðið upp ýmsa fræðslu á vegum Skólaskrifstofunnar.

Reynt er að nýta sem best þekkingu/sérfræði einstaklinga og að sækja þekkingu í samstarfi við aðra skóla eða stofnanir t.d. Mentor, auk ýmissa sérfræðinga innan og utan skólakerfisins.

Símenntun starfsmanna á skólaárinu

Byrjendalæsi

Kennarar á yngri barna stigi sækja þau námskeið sem heyra undir byrjendalæsi.

Orð af orði

Kennarar á miðstigi og unglingsstigi sækja námskeið sem ætlast er til vegna innleiðingar þessa verkefnis.

Bættur námsárangur

Kennarar sækja þá fræðslu sem boðið er upp á vegna þessa þróunarverkefnis.

Annað

Í ágúst sækja kennarar önnur námskeið sem eru á vegum Skólaskrifstofu Austurlands Fræðsla á starfsmannafundum um ýmis málefni sem til falla.

Allir kennarar taka þátt í haustþingi kennara á Austurlandi.

Upprifjunarnámskeið í skyndihjálpi fyrir alla starfsmenn.

Skólastjórnendur sækja ársfund SÍ og nýta þá endurmenntun sem þar er í boði.

Sameiginleg endurmenntun starfsmanna er greidd af skólanum.

Á skólaárinu er ætlunin að fara í náms- og kynnisferð erlendis.